

## REGLUGERÐ

### um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélags Eskifjarðar.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílastjórafélags Eskifjarðar en starfssvæði þess er innan takmarka Eskifjarðarbæjar.

#### 2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæðinu takmarkast við töluna 9, þó skal í engu skerða atvinnuréttindi þeirra manna sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaaakstur til vöruflutninga á félagssvæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Eskifjarðar, bæjarstjórnar Eskifjarðar og Vinnuveitendasambands Íslands.

#### 3. gr.

Það telst leiguakstur þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt öikumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar með sérstöku merki.

#### 4. gr.

Verði leigubifreiðar færri en níu skal þeim fjölgað í þá tölu aftur samkvæmt umsóknum sem teknar skulu til greina eftir lengd biðtíma og tímaröð.

Hafi maður sem fengið hefur inngöngu í félagið ekki eignast vörubifreið og hafið leiguakstur á henni innan fjögurra mánaða frá inntöku hans í félagið falla félagsréttindi hans sjálfkrafa niður.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendibifreiða. Ennfremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Sigurður Skúli Bergsson.*